

# Læsisstefna Iðavallar



Á Iðavelli leggjum við okkur fram um að skipuleggja nám barnanna þannig að þau njóti þess að efla mál sitt og læsi í víðu samhengi í gegnum fjölbreytta reynslu og efnivið.

Málörvun í víðum skilningi er hornsteinninn í starfinu. Við leggjum okkur fram um að hafa umhverfið örvandi og efniviðinn við hæfi og aðgengilegan eftir bestu getu. Við leggjum áherslu á leik með stafi og hljóð með góðu aðgengi að skriffærum, leir og öðrum efnivið. Börnin fá mörg tækifæri til að skrifa stafina og móta þá í sköpunarferli sínu. Bókstafir, tölustafir og nöfn barnanna eru sýnileg á veggjum deildanna m.a. á viðveruspjöldum barnanna, þar sem þau stimpla sig inn og út.

Kennarar Iðavallar leggja mikla áherslu á að nota fjölbreytt námsefni, bæði heimatilbúið og aðkeypt og er því m.a. safnað saman á verkefnavegg í miðrými skólans. Náms efnið er flokkað eftir efnisflokkunum stærðfræði, málörvun, hljóðkerfisvitund, sögugerð og boðskipti. Með þessum hætti er námsefnið aðgengilegt og sýnilegt öllum kennurum skólans.

## Samræða, tjáning og hlustun

Við nýtum markvisst þær stundir sem til falla í daglegu starfi fyrir málörvun og til þess að tala við börnin, en með því styrkjum við samskiptahæfni og tjáningu þeirra. Söng- og samverustundir eru daglega á öllum deildum þar sem tíminn er meðal annars notaður í umræður og Lubbavinnu. Einu sinni í mánuði er söngur á sal þar sem öll börnin koma saman og syngja. Deildirnar skiptast á að stjórna þessari söngstund og börnin velja lögin, standa fyrir framan hópinn og leiða sönginn.

Við gerum frjálsum leik hátt undir höfði og gefum honum nægan tíma, sem eflir samskipti og tjáningu. Við hlustum á börnin, grípum hugmyndir þeirra á lofti og nýtum þær í vinnu, m.a. í hópastarfi. Þar er börnunum skipt niður í minni hópa og er margt unnið og miklar umræður í tengslum við verkefni hverju sinni.



## Lestur og lesskilningur

Til að efla málskilning og orðaforða barnanna erum við daglega með samverustundir þar sem er lesið, spjallað um sögurnar og einstök orð, höfunda þeirra og myndefni, unnið með Lubba, sungið og fleira. Fjölbreyttar leiðir eru notaðar til að vekja áhuga barnanna s.s. loðtöflusögur, tússtöflur og myndskreytingar. Þarna skapast góð tækifæri fyrir umræður, nám og leik.

Börnin hafa gott aðgengi að bókum til að skoða sjálf, með öðrum börnum eða kennara. Foreldrar eru hvattir til að spjalla og lesa heima með börnum sínum.

Í starfinu eru orð sett á athafnir og á öllum deildum notum við myndrænt dagskipulag sem börnin geta lesið í.

Í hópastarfi eru unnin fjölbreytt verkefni og þar skapast mörg tækifæri til að

æfa samskipti með orðum. Efniviðurinn er mjög fjölbreyttur og við notum spil og leiki af ýmsu tagi. Við notum spjaldtölvur markvisst í skólanum okkar, t.d. í málörvun, vinnu með tölur og talnahugtök og við sögugerð.

### Hljóðkerfisvitund

Hljóðkerfisvitund er mikilvægur grunnur fyrir lestrarnám og því skiptir miklu máli að börnin læri að í orðum séu hljóð. Við eflum hljóðkerfisvitund með því að syngja, ríma og klappa atkvæði og þar nýtist námsefni Lubba vel. Á eldri deildum er unnið markvisst með sundurgreiningu og samsetningu orða.



### Lubbi finnur málbein

Börnin læra máhljóðin og tákni þeirra markvisst í gegnum leik og söng með námsefninu Lubbi finnur málbein eftir Eyrúnu Ísafold Gísladóttur og Þóru Másadóttur. Námsefnið er aðlagð að börnunum eftir aldri og getu. Með námsefninu er áhersla á brúarsmið á milli máhljóða og bókstafa með stuðningi táknrænna hreyfinga. Námsefnið um Lubba er notað markvisst á öllum deildum og spor hans sjást vel í starfi skólans.

### Ritun og miðlun

Á Íðavelli hafa börnin gott aðgengi að skriffærum og blöðum, stafakubbum og öðrum efnivið sem þau nota til orðmyndunar. Á yngri deildunum er aðgengi að þessum efnivið stýrt og oft unnið í verkefnavinnu með kennurum. Í skólanum er unnið markvisst að því að þau þekki nafnið sitt í sjón og að börnin á eldri deildum geti einnig skrifað það. Við vinnum mikið með textagerð og börnin gera t.d. sögur um teikningar og vinna stærri sögur og myndskreyta þær í hópastarfi. Við notum ýmsar aðferðir við þessa vinnu s.s. handskrifaðar sögur, gamla ritvél, skrifum í tölvu og notum snjallforrit sem henta vel til sögu-gerðar eins og Puppet Pals og Book Creator.





## Tvítungd börn á lðavelli

Á lðavelli eru mörg börn með íslensku sem annað mál. Við leggjum mikla áherslu á að efla orðaforða þeirra og málþroska sérstaklega. Þau taka þátt í málörvunarhópum þar sem unnið er með ákveðna áhersluþætti í hverjum mánuði. Myndræna dagsskipulagið nýtist þeim vel til að öðlast öryggi og lesa í umhverfi sitt. Tungumálum barnanna er gert hátt undir höfði og við syngjum og teljum á þeirra tungumálum. Einu sinni í mánuði er fjölmeningardagur þar sem áhersla er lögð á eitt til tvö lönd og tungumál og þjóðfána viðkomandi lands. Þá safnast öll börnin saman í salnum og syngja saman. Þjóðfána og kveðjur á öllum tungumálum leikskólans má finna í forstofunum. Foreldrar eru hvattir til að nota tungumál sitt í öllum samskiptum við börnin sín þ.m.t. lestri.

## Matstæki

Ýmis matstæki eru notuð í tengslum við sérkennslu, en við notum TRAS og HLJÓM-2 sem skimunarverkfæri fyrir öll börn í leikskólanum.

TRAS er skráning á málþroska ungra barna og leikskólakennarar geta fylgst á skipulegan og markvissan hátt með þróun málþroska ásamt félagsþroska og samskiptum barna. TRAS-skráningartækið hjálpar leikskólakennurum að finna þau börn sem hafa frávik í málþroska og grípa inn í með markvissum aðgerðum ef um frávik er að ræða með snemmtækri íhlutun.

HLJÓM-2 er greiningartæki sem er lagt fyrir að hausti til að meta hljóðkerfisvitund barna í elsta árgangi leikskólans í því skyni að greina þau börn sem eru í áhættu fyrir lestrarerfiðleika síðar meir. Þar er verið að kanna þættina rím, samstöfur, samsett orð, hljóðgreiningu, margræð orð, orðhlutaeyðingu og hljóðtengingu. Í framhaldinu er unnið áfram með þá þætti sem hafa komið slakir út hjá einstaka börnum og foreldrar allra barna frá leiðbeiningarblað um hvernig megi vinna heima. Á vorin er HLJÓM-2 lagt aftur fyrir þau börn sem voru undir viðmiðum og þær niðurstöður fylgja börnunum í grunnskólann.

## Söngvaflóð

Söngvaflóð er samstarfsverkefni Tónlistarskólans á Akureyri, leik- og grunnskólana, sem hófst í september 2017. Verkefnið gengur út á að gera börnin meðvitaðri um menningararfleið sína og tengja saman tónlist, hreyfingu og ljóð. Kennari frá Tónlistarskólanum heimsækir leikskólann vikulega og leiðir þar söng. Samhliða þessu er unnið með orðaforðann í lögnum og er þetta skemmtileg leið til þess að virkja hlustun og auka orðaforða hjá börnum.

